

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 29. maí 2015 kl. 15:00

Hjördís Sigursteinsdóttir formaður FHA setti fundinn með dagskrá og skipaði Guðmundur Kristján Óskarsson og Þorlák Axel Jónsson fundarritara.

Dagskrá:

1. Fundargerð
Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram til kynningar.
2. Ársskýrsla lögð fram
Hjördís Sigursteinsdóttir fylgdi *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2014-2015* úr hlaði.
Umræður urðu um stöðuna í kjaramálum, samningaviðræðurnar og sérkröfur FHA. Einnig var rætt um ályktanir FHA á liðnu starfsári.
Fram kom að þörf er talin á að ráðinn verði starfsmannastjóri/mannauðsstjóri við skólann.
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrt frá fjárhag félagsins
Guðmundur Kristinn Óskarsson kynnti reikninga félagsins.
Aðalfundur felur stjórn að athuga með ávöxtun veltufjármuna félagsins.
4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga
Nýir félagar voru samþykktir með fyrirvara um að nafnalistinn sé réttur.
5. Ákvörðun um árgjald
Stjórn lagði til að félagsgjöld verði hækkuð úr 0,7% í 0,9% af launum félagsmanna. Tillagan var samþykkt samhljóða (með 8 atkvæðum).
6. Tillögur til lagabreytinga
Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.
7. Kosning stjórnar
Eftirtaldir eru réttkjörnir í stjórn FHA:
Hjördís Sigursteinsdóttir sem formaður.
Guðmundur Kristinn Óskarsson og Ólína Freysteinsdóttir sem stjórnarmenn.
Hreiðar Valtýsson og Auðbjörg Björnsdóttir sem varamenn í stjórn.
8. Samninganefnd
Eftirtalin eru réttkjörin í samninganefnd:
Hjördís Sigursteinsdóttir
Guðmundur Kristinn Óskarsson
Ólína Freysteinsdóttir

9. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings
Eftirtaldir eru rétt kjörnir skoðunarmenn ársreiknings
Stefán Jóhannsson
Stefán Sigurðsson

10. Önnur mál
 - a. Hvernig má efla félagið? Rætt
 - b. Stofnanasamningur. Rætt
 - c. Kjaramál. Rætt

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 15:45

Porlákur Axel Jónsson, fundarritari